



Laganefnd 45 þings ASÍ 2022 leggur til að tillögur miðstjórnar um breytingar á lögum ASÍ verði afgreiddar með eftirfarandi hætti.

Laganefnd hittist í tveimur hópum 11.10 2022 og voru báðir hópar sammála um tillögur sínar til þingsins. Afgreiðsla nefndarinnar var með eftirfarandi hætti.

I ASÍ-UNG

3.mgr. 29. gr. verði samþykkt eins og miðstjórn leggur til og 7.mgr. með viðbót sem felur það í sér miðstjórn sé einnig heimilt, að fengnu samþykki miðstjórnar, að greiða fyrir fleiri fulltrúa þó þing ASÍ-UNG sé ekki haldið á höfuðborgarsvæðinu (breytingar auðkenndar. Nefndin leggur til að breytingar á báðum málsgreinum verði afgreiddar í einni atkvæðagreiðslu.

Rétt til setu á þingi ASÍ-UNG með full réttindi, eiga fulltrúar á einn fulltrúi hvers aðildarfélags ASÍ á aldrinum 16-35 ára samkvæmt nánari samþykktum ASÍ-UNG. ~~Aðildarfélögum er heimilt að senda á eigin kostnað einn aukafulltrúa á þingið. Aukafulltrúi er með tillögu og málfrelsisrétt en ekki atkvæðisrétt.~~

ASÍ ber kostnað af þingum ASÍ-UNG með sama hætti og það ber kostnað af sambandsþingum ASÍ en þó þannig að ASÍ skal standa straum af lágmarksendurgreiðslu vegna ferðakostnaðar sem einstök aðildarfélög verða fyrir vegna eins fulltrúa frá hverju félagi, samkvæmt þeirri reglugerð um endurgreiðslu ferðakostnaðar sem sett er skv. 2.mgr. 26.gr. Séu þing ASÍ-UNG haldin utan höfuðborgarsvæðisins er m Miðstjórn heimilt að samþykkja að standa straum af endurgreiðslu vegna fleiri fulltrúa frá hverju aðildarfélagi en þó aldrei fleiri en hvert aðildarfélag á rétt á að senda til þingsins. Ósk þar að lútandi skal koma fram fyrir afgreiðslu fjárhagsáætlunar sambandsins á þingári.

II Sjúkrasjóðir - yfirfærsla réttinda

1. mgr. 49. gr. laga ASÍ 29. gr. verði samþykkt eins og miðstjórn leggur til (breytingar auðkenndar)

Sá sem öðlast hefur rétt til greiðslu dagpeninga og dánarbóta úr sjúkrasjóði eins aðildarfélags, öðlast þann rétt hjá nýju aðildarfélagi skv. þeim reglum sem þar gilda eftir einn mánuð, enda hafi hann fram að því átt rétt hjá fyrra félaginu. Sá sem öðlast hefur rétt til styrkja úr sjúkrasjóði eins aðildarfélags, öðlast rétt til styrkja hjá nýju aðildarfélagi skv. þeim reglum sem þar gilda eftir einn mánuð, enda hafi hann fram að því átt rétt hjá fyrra félaginu. Þegar sótt er um styrki í nýju aðildarfélagi skal umsækjandi leggja fram yfirlit um veitta styrki sem hann hefur þegið úr fyrra sjúkrasjóði sl. 12 mánuði.



III

Sjúkrasjóðir - staðfesting viðmiðunarreglugerðar

2. mgr. 49. gr. laga ASÍ verði samþykkt eins og miðstjórn leggur til með orðalagsbreytingu sem ekki varðar efni breytingarinnar (breytingar auðkenndar)

"Öllum aðildarfélögum sambandsins er skylt að setja sjúkrasjóðum félaganna reglugerðir sem hljóta skulu staðfestingu miðstjórnar ASÍ og standast lágmarksákvæði laga ASÍ. Miðstjórn skal við umfjöllun sína hafa hliðsjón af viðmiðunarreglum sem **miðstjórnar** sambandsþing samþykkir. Breytingar á reglugerðum sjóðanna skulu sendar skrifstofu ASÍ."